

Jafnlaunastefna ÓJ&K-Ísam

Tilgangur og gildissvið:

Jafnlaunastefna ÓJ&K-Ísam er jafnframt launastefna fyrirtækisins. Markmið jafnlaunastefnu þessarar skal vera til að tryggja öllu starfsfólki sömu laun og sömu kjör fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf þannig að ekki sé um mismun að ræða. Með þessu stuðlar ÓJ&K-Ísam að jafnrétti kynja á vinnumarkaði og vinnur gegn kynbundnum launamun. Stefnan felur í sér skuldbindingu um stöðugar umbætur og eftirlit.

Ábyrgð:

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á jafnlaunastefnu fyrirtækisins og öllum launaákvörðunum. Framkvæmdastjóri gætir þess að samræmis sé gætt við alla ákvarðanatöku þar um. Mannauðs- og gæðastjóri sér um innleiðingu, viðhald og eftirlit með framgangi stefnunnar í umboði framkvæmdastjóra.

Markmið:

Markmiðið er að tryggja starfsfólki ÓJ&K-Ísam þau réttindi sem kveðið er á um í 19. grein jafnréttislaga nr. 150/2020. Ákvörðun um kjör starfsmanna skal byggð á málefnalegum sjónarmiðum sem varða starfið og hæfniskröfur til þess. Þessi sjónarmið gilda hvort sem ákvörðunin varðar laun, hlunnindi, lífeyris-, orlofs- eða veikindaréttindi eða hvers konar réttindi sem metin verða til fjár.

Mat á verðmæti starfa:

Hjá ÓJ&K skulu vera til starfslýsingar fyrir öll störf. Þar skulu nefndar þær kröfur sem starfsmaðurinn þarf að uppfylla. Umfang og eðli starfs hefur áhrif á laun og byggir ÓJ&K-Ísam launaákvörðanir á málefnalegum viðmiðum sem tryggir að starfsfólk fái greitt fyrir störf sín út frá verðmæti starfs.

ÓJ&K-Ísam skuldbindur sig til að:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012 og öðlast vottun í samræmi við lög 150/2020 um jafnlaunavottun.
- Að launaákvörðanir séu rökstuddar og tryggt að þær falli að þeirri meginreglu að hjá ÓJ&K-Ísam séu sömu laun greidd fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf.
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Að launaákvörðanir séu skjalfestar, rökstuddar, rekjanlegar og undirritaðar af ábyrgðaraðilum.
- Kynna jafnlaunastefnuna fyrir starfsfólki og hafa hana aðgengilega almenningi.